

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um endurnýjun lyfjaskírteina fyrir ADHD-lyf.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvernig hefur afgreiðslutími vegna endurnýjunar lyfjaskírteina fyrir ADHD-lyf þróast undanfarin þrjú ár? Þess er óskað að í svari verði tilgreindur eftir mánuði meðal-afgreiðslutími og fjöldi umsókna, kyn þeirra einstaklinga sem lyfin voru ætluð og hversu margir einstaklinganna voru undir 18 ára aldri.
- Hvað telur ráðherra að sé ásættanlegur hámarksafgreiðslutími og til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að bregðast við þegar afgreiðsla hefur farið yfir þau mörk?

Skriflegt svar óskast.